



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

FORSETAHJÓN HEIMSÆKJA GRINDAVÍK Á 50 ÁRA KAUPSTAÐARAFMÆLI

Forseti Íslands, Guðni Th. Jóhannesson, og Eliza Reid forsetafrú heimsækja Grindavík í dag, miðvikudaginn 10. apríl, vegna 50 ára afmælis bæjarins. Grindavík hlaut kaupstaðarréttindi vorið 1974.

Í tilefni dagsins verður hátíðarfundur bæjarstjórnar í Gjánni í Grindavík kl. 10:00. Forseti Íslands ávarpar fundinn, veittar verða heiðursviðurkenningar og þakkir færðar sjálfbóðaliðum sem styrkt hafa stöðir samfélagsins í Grindavík. Fundurinn er opinn íbúum og öðrum gestum.

Að fundi loknum fara forsetahjón um Grindavík í fylgd með félögum í björgunarsveitinni Þorbirni og kynna sér afleiðingar eldsumbrotanna á Reykjaneskaga á innviði bæjarins.

10. apríl 2024

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Sif Gunnarsdóttir forsetaritari (664 8249) og Una Sighvatsdóttir, sérfræðingur á skrifstofu forseta (895 8885).